

Útskriftarnemar, deildarforsetar, fjölskyldur og ástvinir útskriftarnema, starfsfólk Háskólans á Bifröst.

Í dag gleðjumst við og samfögnum við með sigurvegurum dagsins, útskriftarnemum við Háskólann á Bifröst. Þið hafið nú tekið við burtfararskírteinum frá skólanum og haldið héðan út önnur en þið komuð inn. Segja má að þið hafið gengið í gegnum eitt af stóru hliðum lífsins, hlið sem táknar umbreytingu í lífi ykkar. Það er ekki einungis að þið farið héðan með prófgráðu heldur hefur vonandi ýmislegt fleira breyst. Breytingarnar eru jafn misjafnar og þið eruð mörg. Mig langar að biðja ykkur að staldra við í nokkrar sekúndur og rifja upp hvert og eitt hvernig ykkur leið þegar þið hófuð nám við skólann. Var það sama manneskjan og situr hér í dag? Merkið þið einhverja breytingu aðra en prófskírteinið? Eitt er víst og það er að gott nám, hefur áhrif á það hvernig við hugsum og greinum. Öll getið þið lært utan að og öll getið þið lært ákveðna tækni. Það getið þið lært hvar sem er... en það að hugsa hluti frá mörgum hliðum, skipta um skoðun, finna nýjar lausnir og læra að beita nýjum aðferðum við að leysa vandamál er nokkuð sem ég vona að þið farið með sem veganesti frá Háskólanum á Bifröst. Ég vona einnig að í námi ykkar hafið þið lært hinn hrollkalda sannleika að nám kennir okkur mest um það hversu lítið við vitum, hversu lítið við skiljum og eina svarið er að velja að lifa áfram í óstöðvandi forvitni.

Stóra stundin ykkar er einnig stund þakklætis. Þó að þið hafið hvert og eitt unnið fyrir prófgráðunni ykkar, nýtt kvöld og helgar, sumarfrí og hverja mögulega stund í námið, þá er engin manneskja eyland. Að ykkur stendur fólkið sem elskar ykkur og styður, sama fólk og hefur tekið á sig aukna ábyrgð og hliðrað til í sínu lífi til þess að þið hafið getað sinnt náminu. Því vil ég þakka ykkur öllum sem hingað eru komin, hvort sem það er á netinu eða í persónu, til að fagna fólkinu ykkar. Með stuðningi eruð þið þátttakendur í sigri dagsins.

Að þessu sögðu þá er rétt að nefna að meðalaldur nemenda á Bifröst er 37 ár. Það eru mörg ár full af reynslu og visku. Elstu útskriftarnemendur dagsins í dag eru fæddir árið 1963 og þeim fjölgar stöðugt sem bæta við sig einni og einni prófgráðu. Á sama tíma fjölgar einnig ungu fólki í grunnnámi í skólanum og nú er það svo að í dag útskrifast hér tvær ungar konur, þær yngstu í sögu skólans sem útskrifast með BS gráðu. Það eru þær Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir sem er að útskrifast úr HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði), afburðanemandi sem var ári á undan í skóla og þar að auki í þriggja ára stúdentsárgangi. Hún er tvítug, fædd árið 2000 og útskrifast með hæstu meðaleinkunn úr grunnnámi félagsvísinda og lagadeildar. Hin unga konan er Þorgerður Sól Ívarsdóttir, tuttugu og eins ár, fædd í lok ársins 1999. Hún útskrifast úr viðskiptadeild og er nú þegar byrjuð í meistaranámi hér við Háskólann á Bifröst. Þess má geta að Þorgerður Sól er alin upp í þekkingarþorpínu Bifröst enda dóttir Sigrúnar Lilju Einarsdóttur dósents og stjúpdóttir Einars Svanssonar sem einnig er dósent hér við skólann.

Jafnrétti til náms er fjórða heimsmarkmiðið. Því er ég afar stolt af því að námið á Bifröst tryggir öllum sem tala íslensku fullt jafnrétti til náms. Til sannindamerkis um það eru útskriftanemendur dagsins meðal annars búsettir í Svíþjóð, Noregi, á Suðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Akranesi, Borgarnesi, Hafnafirði, Garðabæ, Reykjavík, Snæfellsnesi,

Vestmannaeyjum og Dalasýslu. Ekki má gleyma þeim nemendum sem stigu skrefið til fulls, fluttu á Bifröst og stunduðu námið hér í fegurð dalsins og öryggi þorpsins.

Íslenskan er það mál sem við kennum á en við höfum heldur ekki gleymt því að 20% þeirra sem búa á Íslandi eiga ekki íslensku að móðurmáli. Margir þeirra komast ekki inn í íslenska háskóla vegna þess að stúdentsprófið í heimalandinu er öðruvísi en hér. Því fórum við af stað með háskólagátt á ensku nú í janúar, nám sem veitir fólki undirbúning fyrir háskólanám á Íslandi. Einnig stofnuðum við til íslenskunáms fyrir þá sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Nú geta allir sem vilja læra íslensku stundað námið hvar sem þeir búa á landinu og hvort sem þeir vinna vaktavinnu eða ekki.

Námsgráða í höfn breytir ekki einvörðungu því hvernig þið hugsið, hún hefur einnig áhrif á hagsæld barna ykkar og möguleika þeirra í framtíðinni. Eitt er ljóst að þið eruð fyrirmyndir fyrir svo marga aðra einstaklinga sem vildu vera í ykkar sporum í dag. Við fylgjumst nefnilega öll með fólkinu sem kann að lifa lífinu vel. Við nefnum það ekki upphátt en notum þetta góða fólk sem áttavita í ólgusjó lífsins, oft án þess að vera meðvituð um það sjálf.

Þannig þurfti ég að verða fullorðin til að átta mig á því hvað móðir mín heitin, sex barna móðir, hafði mikil áhrif á mig sem fyrirmynd. Hún fór í leiðsöguskólann þegar ég, yngsta barnið, var fimm ára, svo skellti hún sér í Öldungadeild MH þegar hún var komin af stað og brunaði þaðan upp í Háskóla Íslands og lauk prófi í dönsku, algerlega án þess að fá stuðning frá okkur krökkunum. Við systkinin höfðum einfaldlega ekki hugmynd um að það sem hún var að gera – konan fædd 1929 – væri nokkuð merkilegt. Okkur fannst það algerlega sjálfsagt þótt margir í kringum hana hafi hneykslast á bröltinu. Það er einmitt það sem þið hafið gert með námi ykkar – þið sendið hljóð fyrirmyndarskilaboð út í umhverfið.

Rétt áðan bað ég ykkur um að láta hugann reika aftur til þess dags þegar þið ákváðuð að hefja nám við Háskólann á Bifröst. Sú ákvörðun fól í sér að iðka eitt af frumgildum Bifrastar, frumkvæði. Það að hafa frumkvæði minnir mig alltaf á söguna af sirkusfílum sem var með einn fótinn hlekkjaðan við pínulítinn staur. Öllum var ljóst að með því að rykkja fætinum til gat hann losað sig með nærri því engu átaki. Samt gerði hann það aldrei. Af hverju ekki? Það er nefnilega þannig að taugakerfi og líkami fílsins mundu hvernig hann barðist við hlekkinn sem fílsungi og gat ekki brotið hann af sér. Þannig er mannskepnan líka. Við erum með alls kyns hlekkni fasta við hina ýmsu staura og teljum að við getum ekki hitt og þetta. Fáir hafa orðað þetta betur en Nelson Mandela sem sagði að okkar dýpsti ótti væri ekki hversu vanmáttug við erum. Okkar dýpsti ótti er vitneskjan um að við erum óendanlega kraftmikil. Það er ljósið innra með okkur sem við óttumst mest en ekki skuggahliðin. Það er frekar nóturlegt til þess að hugsa að við keyrum flest áfram þrjátíu prósent undir getu.

Annað gildi Bifrastar er ábyrgð og hana hafið þið svo sannarlega sýnt. Þið hafið axlað ábyrgð á námi ykkar en manneskja sem axlar ábyrgð á líðan sinni, verkum og gjörðum er manneskja sem hvílir vel í sjálfri sér. Sama manneskja kemur sér í vandræði en hún kemur sé líka út úr þeim aftur.

Þriðja gildi Bifrastar er samvinna, gildi sem ég vona að muni ávallt einkenna Háskólann á Bifröst. Verkefnavinna ykkar í náminu hefur auðgað ykkur, kvalið ykkur og þroskað því við stækkum einmitt ekki nema þegar við tökumst á við krefjandi verkefni. Samvinnan kennir okkur ekki bara að leysa vandamál með öðrum heldur haga því þannig að þegar við vinnum vel í hópi þá verður krafturinn slíkur að tveir plús tveir verða fimm.

Bifröst var stofnaður árið 1918 og staðsettur í Reykjavík fram til ársins 1955. Lengst af var skólinn staðsettur við Sölvhólsgötu, húsinu sem nú hýsir menntamálaráðuneytið. Óhætt er að segja að Háskólinn á Bifröst sé einstakur skóli að því leyti að hann hefur sífellt lagað sig að menntaþörfum samfélagsins. Gott og nýlegt dæmi um það er nýtt mastersnám sem fer í loftið í haust í áfallastjórnun. Námið er samvinnuverkefni með Ríkislögreglustjóra, Rauða krossinum, Lands sambandi björgunarsveita, Slökkviliðinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar fléttast saman fræði og framkvæmd, aðalsmerki Bifrastar.

Hugmyndin að baki stofnun Bifrastar var að auka menntun úti á landi og luku nemendur héðan samvinnuskólaprófi. Síðar færðist skólinn á háskólastig og í dag er hægt að taka háskólagátt, BS nám og mastersgráður í öllum deildum skólans. Undanfarin ár hefur mest námsframboð verið blanda úr fjarnámi og staðnámi. Þannig þjónar skólinn öllu landinu. Þeir nemendur sem vilja verndað umhverfi með góðum skóla og leikskóla kjósa að búa á Bifröst en þeir sem eiga ekki hægt með að flytja sig um set geta sinnt náminu heiman að frá sér, unnið með og mætt síðan á vinnuhelgar. Annar kostur við þetta fyrirkomulag er að það er engin hætta á að missa nokkru sinni úr tíma. Ef innihaldið er strembið eða torskilið er hægt að hlusta á fyrirlesturinn aftur og aftur. Covid hefur nefnilega opnað augu okkar fyrir því hversu mikil snilld gott fjarnám er. Fyrir Covid hefði ég aldrei heyrt vinkonu mína segja eftirfarandi: Hún er frekar gamaldags í hugsun sinni um menntun og hefur ekki mikla trú á fjarnámi. Tengdasonur hennar er í læknisfræði og átti í erfiðleikum í einni námsgrein sem honum þótti illa kennd. Viti menn.... í stað þess að vandræðast með námskeiðið fór hann á netið og fann fyrirmyndar fjarnámskeið í faginu á netinu. Á öllu hefði ég átt von á öðru en heyra vinkonu mína dásama fjarnám í læknisfræði. Svona er það nú samt með nýjungar. Það tekur tíma að fá þær inn í kerfið, fullkomna þær og fá þær til að blómstra. Með því að vera opin og nýta það besta úr öllu náum við hámarksárangri.

Það sýndi sig aldeilis í mars í fyrra að Háskólinn á Bifröst er Covidklár skóli. Óhætt er að segja að skólinn hafi staðið uppúr sem sigurvegari þegar öll menntun í landinu lamaðist og færðist skyndilega yfir á netið. Munurinn á skólanum okkar og þúsundum háskóla í heiminum var sá að kennarar Bifrastar njóta þess að kenna í fjarnámi og kunna vel til verka. Þannig var allt starf skólans gersamlega fumlaust. Það var sérlega ánægjulegt að sjá að nemendur Bifrastar létu Covid ekki trufla sig heldur héldu sínu striki. Brottfall varð minna og stolt okkar allra yfir skólanum meira. Hinn frægi Bifstarglampi er nefnilega ekki kominn til af engu heldur einkennir hann nemendur sem hafa fengið menntun sína hér. Þeir hugsa hlýtt til skólans og njóta þess að koma hingað aftur og aftur til endurfunda og frekara náms.

Covid hefur þannig ýtt undir hugarfarsbreytingu um gervallan heim. Skoðun fólks á vel útfærðu fjarnámi hefur breyst því við sjáum hversu dásamlegt það getur verið þegar vel er haldið á

spöðunum. Við höfum líka lært að við getum unnið hvaðan sem er og getum fyrir vikið búið hvar sem er. Minni þéttbýlisstaðir um allan heim hafa endurheimt sjarma sinn og ungt fólk sækir þangað til búsetu og uppeldis á börnum sínum. Íbúum London fækkaði þannig um 12 prósent í fyrra og ég þori að lofa ykkur að íbúum í þekkingarþorpinu Bifröst mun fjölga hratt á næstu misserum.

Frá því að ég tók við Háskólanum á Bifröst í ágúst síðastliðnum hefur margt drifið á dagana. Fyrst og fremst einkennist starfið af jákvæðum samskiptum hvort sem það er við starfsfólk eða nemendur. Bifröst er einstakur vinnustaður og staðsettur í einhverjum fallegasta dal landsins. Hér ríkir andi sem erfitt er að toppa. Ég sé sífellt betur hvað skólinn býr við mikinn mannauð og einmitt þess vegna náum við þeim árangri sem raun ber vitni. Aðsókn hefur aldrei verið jafn mikil að skólanum undanfarinn áratug og eru hér nú tæplega þúsund nemendur. Mest er aukningin í meistaranáminu. Stórt verkefni undanfarna mánuði var gæðaúttekt í skólanum í haust og nú er unnið að stefnumótun fyrir næstu ár. Þá eru fjármál skólans komin á réttan kjöl. Ég geng bæði auðmjúk og áhugasöm til minna verka og finn fyrir góðvild sveitarinnar og allra stjórn málaafila. Augljóst er að við munum taka höndum saman um að byggja enn frekar upp og viðhalda blómlegu og sjálfbæru þekkingarþorpi á Bifröst.

Nú þegar þið gangið út langar mig að biðja ykkur að taka með ykkur sex heilræði.

Í fyrsta lagi bið ég ykkur um að láta muna um ykkur í lífinu. Það getið þið gert með því að vera ábyrgir og ástríkir foreldrar eða börn, vera ábyrgir þjóðfélagsþegnar, sinna starfinu ykkar vel eða stofna fyrirtæki. Velgengni okkar er ekkert endilega fólgin í metorðum heldur einungis því að gera vel það sem við tökum að okkur og láta ávallt gott af okkur leiða. Þegar okkur finnst lítið muna um okkur er ágætt að minnast þess að það munar heldur betur um litla moskítóflugu sem lokast inni í sama herbergi og við. Þó að við séum smá í stóra samhenginu þá getum við öll látið til okkar taka og verið leiðtogar í eigin lífi.

Í öðru lagi bið ég ykkur að halda áfram að vera sjúklega forvitin. Menntun lýkur aldrei – hvort sem það verður við Bifröst eða annars staðar – vonandi eruð þið komin á bragðið og veljið lífstílinn að lifa í vexti – bæta stöðugt við ykkur. Þið munið líklegast skipta oft um starfsvettvang á lífsleiðinni og þurfið því að bæta við ykkur menntun hér og þar. Veljið að vera einu skrefi á undan forvitin og fróðleiksfús. Munið svo að líklegast munið þið læra mest á mistökunum sem þið gerið.

Í þriðja lagi bið ég ykkur að halda áfram að sýna það hugrekki sem þið sýnduð með því að hefja nám við Háskólann á Bifröst. Oft þen ég brjóstið af stolti með morgunkaffinu þegar ég les fréttir um velgengni Bifrestinga í atvinnulífinu. Nýjasta dæmið er unga konan sem er með Bálstofuna og minningargarðana Tré Lífsins, hún Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir. Sjálfseignarstofnunin sem hún stofnaði gengur út á nýja tegund útfararstofu þar sem gróðursett eru tré fyrir hvern þann sem fellur frá og merkt viðkomandi. Sigríður Bylgja nam heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst og notaði þessa ögrandi blöndu fræðanna til að stofna Tré Lífsins. Hún

hringdi í mig í morgun og sagði hversu magnað það væri að átta sig snemma á dauðleikanum því fyrir vikið lifum við betur.

Í fjórða lagi bið ég ykkur að taka því alvarlega að huga að nýsköpun, þora að útfæra hugmyndirnar sem malla í höfði ykkar. Það er í beinu samhengi við það að þora að blómstra og gera mistök í lífinu. Ljóst er að stofnun fyrirtækis er ekkert einfalt mál en þegar allt kemur til alls er það mun einfaldara en við höldum.

Í fimmta lagi að hlúa vel að vörumerkinu Bifröst. Þetta er skólinn ykkar, ykkar alma mater, skólinn sem við höfum öll hag af að tala upp. Þið eruð fulltrúar námsgráðunnar hvar sem þið farið og ég er fullviss um að þið verðið frábærir sendiherrar okkar úti í lífinu. Tölum Bifröst upp, skólinn okkar á innistæðu fyrir því og á það skilið.

Í sjötta og síðasta lagi þá bið ég ykkur að muna að framtíðin veltur á ykkur og því hvernig þið notið menntunina ykkar. Það er ekki nóg að vera með dýrindis fiðlu í hendi, það þarf að ná úr henni tærum tóni. Prófið ykkar getur bæði vaxið og rykfallið í höndum ykkar, þið hafið það algerlega í hendi ykkar. Spilaðu nú af fingrum fram lífið sem þú vilt lifa og mundu að rækta hamingjuna.

Ég leyfi mér að ljúka máli mínu hér í dag á ljóði eftir Jóhannes úr Kötlum, einu ástsælasta ljóðskáldi tuttugustu aldarinnar og afa kollega okkar Einars Svanssonar dósents í viðskiptadeild:

Ljóðið um hamingjuna

Hamingjan er ekki til sölu:

fljúgið of heim allan

gangið búð úr búð

– engin hamingja

Hamingjan er það ódýrasta sem til er:

kostar ekkert

– það dýrasta:

kostar allt.

Bíðið ekki hamingjunnar:

hún kemur ekki af sjálfu sér

– eltið hana ekki:

hún flýr.

Hamingjan er alstaðar og hvergi:

í ofurlítilli tó undir norðurásnum

á hafi úti

við þitt brjóst.

Þetta er hamingjan:

að yrkja jörðina

að yrkja ljóðið

og elska jörðina og ljóðið.

Ég þakka áheyrnina og óska ykkur öllum velfarnaðar í framtíðinni!